

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 98-10  
150 Reykjavík

Norðurland vestra, 8. maí 2024

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi 930. Mál. Umsagnabeiðni nr. 12578**

Á 107. stjórnarfundum SSNV, sem haldinn var á Sauðárkróki 7. maí 2024, var umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál, tekin fyrir. Eftirfarandi var bókað:

*Stjórn SSNV telur afar jákvætt að lagt sé fram frumvarp til laga um lagareldi sem taki heildstætt utan um greinina. Sérstaklega má þakka þá framsýni að lögfest séu friðunarsvæði til verndar villtum laxi.*

*Tilgangur og meginmarkmið frumvarpsins virðist í stuttu máli vera tvíþættur. Annars vegar að efla verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu og hins vegar að stuðla að sjálfbærni og ábyrgu lagareldi en tryggja um leið verndun villtra nytjastofna. Allt eru þetta fögur fyrirheit en að mati stjórnar SSNV er þörf á að ganga enn lengra ef tilgangur og markmið frumvarpsins eiga að nást. Stjórn SSNV vill ávarpa þjá bætti sérstaklega:*

*Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við hin **ótímabundnu rekstrarleyfi**, sem koma fram í 33. grein. Skynsamlegra væri að leyfin væru gefin út til nokkurra ára í senn og þegar endurnýjun færi fram þyrfti viðkomandi eldisfyrirtæki að fara í gegnum leyfisveitingaferlið upp á nýtt. Þannig væri hægt að skoða ítarlega starfsemi fyrirtækisins og vinna þannig meira í anda frumvarpsins.*

*Í öðru lagi er ábending varðandi **kostnað vegna leitar og veiða á strokulaxi**. Vandlega er fjallað um hvernig bregðast eigi við stroki úr opnum sjókvíum enda sýna dæmin því miður að engan veginn er hægt að forðast slysasleppingar. Þessi vandi er nefndur sérstaklega í 45. grein og lögð til lögfesting þess efnis að allur kostnaður Matvælastofnunar og annarra stjórnvalda vegna strokulaxa skuli greiddur af rekstrarleyfishöf. Stjórn SSNV leggur til, m.a. í jóni reynslunnar vegna hinna umtalsverðu slysasleppinga haustið 2023, að inn í þessa grein verði bætt ákvæði um að rekstrarleyfishöf skuli einnig bæta veiðifélögum og veiðiréttarhöfum þann kostnað sem til verður þegar aðgerða er þörf vegna leita og veiða á strokulaxi.*

*Í þriðja lagi er mikilvægt að ávarpa XI. kafla frumvarpsins sem fjallar um **kynþroska lax** og hverju ræktun hans er háð og hvernig hægt sé að seinka kynþroska. Hin gjafurlega slysaslepping, sem átti sér stað sl. haust, hafði í för með sér allmikla göngu á kynþroska laxi, m.a. í afar verðmætar laxveiðiár á starfssvæði SSNV. Í jóni þess telur stjórn SSNV brýna þörf á því að sett verði í frumvarpið ákvæði þess efnis að innan 10 ára verði algjörlega óheimilt að rækta frjóan lax í opnum sjókvíum. Þannig væri verið að minnka til muna áhættuna af eldinu og ná betur fram markmiðum frumvarpsins um verndun villtra nytjastofna.*

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Katrín M. Guðjónsdóttir,

Framkvæmdastjóri